

## LISTIR



Sigurður Hallmarsson við mynd sína, Úr Kelduhverfi.

## Vatnslitamyndir í Safnahúsinu

Húsavík, Morgunblaðið.

NÚ stendur yfir sýning á myndum Sigurðar Hallmarssonar í Safnahúsinu á Húsavík.

Þar sýnir hann 38 vatnslitamyndir, flestar málaðar á heimaslóðum á þessu ári.

Á mörgum þessara mynda koma fjöll við sögu og sagði listamaðurinn það helgast aðallega af því að þær væru málaðar á „ári fjallsins“.

Þrátt fyrir annir á adventunni létu margir ekki hjá líða að mæta á

sýninguna á opnunardaginn enda Sigurður vinsæll listamaður meðal bæjarbúa.

Hefur hann haft þann háttinn á lengi vel að vera með sýningu á Húsavík annað hvert ár, er hún þá gjarnan á adventunni. Það má því segja að komin sé hefð hjá mörgum Húsvíkungum að mæta á myndlistarsýningu Sigurðar og hvíla sig um leið frá amstri jólaundirbúningsins.

Sýningin stendur yfir til sunnudagsins 15. desember.

## Nýjar konur í nýjum sal

MYNDLIST

Salur #39

MÁLVERK  
SIGRÍÐUR GÍSLADÓTTIR

Sýningin er opin alla daga frá kl. 13–17 og lýkur 12. desember.

NÝR salur undir myndlistarsýningar var opnaður nú á dögunum. Þetta er þriðja sýningarrýmið sem er opnað á skömmum tíma, en nýlega var Gallerí Glámur við Laugavegin opnað og Undirheimar í Mosfellsbæ. Nýja sýningarrýmið nefnist „Salurinn #39“ og er við Hverfisgötuna, við hlið Galleris Skugga. Það er jafnan ánægjulegt þegar ný sýningarrými eru opnuð, en ef lítið er á sýningarstöðu í Reykjavík með raunsæjum augum er það ekki skortur á sýningarsölum sem háir listflóru Reykjavíkur heldur er skortur á metnaðarfullri gallerístarfsemi. Gallerí i8 er eina galleríið sem starfar eftir þeim stöðlum sem þekkjast hjá nútíma galleríum erlendis, en i8 hefur mjög skýra og afmarkaða sýningarstefnu og sárvantar því gallerí sem starfa í mót-vægi við hana. Gallerí Hlemmur sinnir grasrótinni með ágætum, Gallerí Skuggi og Gallerí Sævars Karls eru með sýningar á samtímalist en hafa enn ekki haft tækifæri til að móta markvissa sýningarstefnu, Listasafn ASÍ og Nýlistasafnið sinna ólíkum þáttum samtímalistar en bæði starfa söfnin líkt og „Non-profit“ gallerí sem eru tíð erlendis og eru styrkt af fyrirtækjum og velgjörðarmönnum, og að lokum er það svo fjöldi listmuna-húsa eins og Gallerí Fold og Gallerí



Frá sýningu Sigríðar Gísladóttur í Sal #39.

Reykjavík sem sinna listgjafavörumarkaðnum og einskorðast við það sem þykir sölu- og stofuvænt á Íslandi.


Almennt þekkingarleysi á myndlist, ekki síst hjá opinberum ráðamönnum, gerir framtakssaman gallerírekstur afar erfiðan héraendis og flest galleríin þurfa að leigja listamönnum sýningarstöðuna. Því geta aðstandendur gallería sjaldan valið listamenn, boðið þeim að sýna og þannig skapað eigin sýningarstefnu. Hættan á leigufyrirkomulaginu er sú að galleríistinn tekur að sér hlutverk sýningarvarðar og gallerístarfsemin verður engin. Ekki er enn ljóst hvert fyrirkomulagið verður hjá Sal #39 og hvaða afstöðu umsjónarkonan, Dísá Anderiman, hefur til reksturs sýningararsala eða gallería en það mun eflaust skýrast með komandi sýningum.

Fyrsta sýningin í Sal #39 er á málverkum Sigríðar Gísladóttur. Sýningin nefnist „Vörður“, þó ekki tileinkað sýningarvörðum, heldur eru það portrettmýndir af konum í hlutverkum ólíkra varða eins og landvarðar, veiðivarðar og grænmetisvarðar. Titillinn má einnig lesa sem vörður sem not-

aðar eru til að merkja staði. Myndirnar eru 33 talsins og rokka frá um 15 cm til 30 cm á stærðina. Portrettin má sjá sem sjálfsmýndir listakonunnar ásamt þjóðlegum táknum, eins og fiskum, fjallagrösnum, umbreyttum jarðeplum og sviðakjömmum.

Sigríði mundi ég ekki telja til framsækinnu listamanna, hvort sem er lítið á myndlistarsköpun í heild sinni eða framvindu í málalist. Efnistöð Sigríðar minna á myndskreytingar í breskum eða skandinavískum tröllaevintýrum, sem í sjálfu sér er gott og gilt nema að listakonan vinnur skammt með formið og myndirnar ná ekki að losna undan því að vera myndskreytingar með þó smáblöndu af ævintýralegru dulúð og skopi. Til viðmiðunar er athyglisvert að skoða sýningu danska listamannsins Martin Bigum sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum, en hann nýtir sér einnig efnistöð sem notuð eru í bókaskreytingar, þó með allt öðrum hætti, á allt öðrum forsendum og tekur myndmálið töluvert lengra en sjá má í verkum Sigríðar.

Jón B.K. Ransu



Odd Nerdrum: Geðsjúklingarnir, 2001–02.



## Ný verk eftir Nerdrum á Kjarvalsstöðum

ÞRIJÚ stór verk eftir norska listamanninn Odd Nerdrum hafa verið sett upp í miðrymi Listasafns Reykjavíkur að Kjarvalsstöðum undir yfirskriftinni „Gestur á adventunni“.

Um er að ræða glæný verk eftir Odd Nerdrum, máluð á árunum 2001–2002, og eru þau öll í eigu listamannsins.

Odd Nerdrum hélt sýningu á verkum sínum á síðasta ári að Kjarvalsstöðum en fáar ef nokkur sýning Listasafns Reykjavíkur hafa hlotið jafngóða aðsókn. Hann settist nýlega að í Reykjavík ásamt fjölskyldu sinni.

Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir er opið daglega milli kl. 10 og 17 en til kl. 19 á miðvikudögum. Sýningin stendur til 31. janúar.

Leiðsögn er um sýningar safnsins alla sunnudaga kl. 15.

## Tómas í fínu formi

DJASS

Geisladiskur

KÚBANSKA

Tómas R. Einarsson bassa, Eyþór Gunnarsson píanó og kongótrommur, Hilmar Jenson gítar, Matthías M.D. Hemstock trommur og slagverk, Pétur Grétarsson slagverk, Kjartan Hákonarson trompet og Samúel Jón Samúelsson básúnu. Hljóðritað í hljóðveri FÍH í ágúst 2002. Ómi Jazz 009.

ÞEGAR Tómas R. Einarsson er annars vegar hafa kúbönsk tónlistaráhrif verið hins vegar hin síðustu misseri. Allt frá því hann kom heim

frá Spáni með tónsmíðar upp á kúbönsku í farteskínu hafa þær hljómað á tónleikum hans, ef frá er talin hin ljúfa ástarvals-uppákoma á hádegistónleikum í Norræna húsinu á dögunum. Það hefur verið gaman að fylgjast með þróun þessara Kúbudansa Tómasar frá því þeir stigu fyrstu sporin blautir á bak við eyrun í Múlanum þar til þeir birtast fullskapaðir á nýja diskunum hans Kúbanska. Hálfur þriðji slagverksleikari, tveir blásarar, gítar, Eyþór og Tómas er ekki amalegur söfnuður og fyrsta lagið, samnefnt diskunum, er ekta smellur þótt ég efi að það fái náð fyrir eyrum einkastöðvasnúðanna sem matreiða dósatónlist fyrir landann. Tómas er einn fremsti ballöðusmiður í íslenskum djassi og er annað lag disksins, Logn, ein sönnun þess. Ekki er verra hversu næmum höndum hinn ljóðræni meistari norræns djasspíanóleiks, Eyþór Gunnarsson, fer um það. Kannski vantar sálarháskann í Títómas, sem er greinilega brætt saman úr nöfnum höfundarins og eins helsta meistara karabíudjassins, Tito Puente. Einsog margir ópusar á þessum diskum hefur lagið borið mörg nöfn og má minna á hið bráðskemmtilega

karabíukántrý Hallbjörn í Havana, sem áður hefur bæði borið nöfnin Skagginn og Hallbjarnarhylling. Þar nýtur Hilmar sín vel að vanda. Eins og hjá Pierre Dorge, sem er meistari í ferðalögum tónsnillinganna í ópusum sínum sbr. Monk in Afrika og Fats Waller in the Busch of Leipzig, er titillinn ekki út í hött heldur lýsir tónlistinni vel. Hinn bráðefnilegi trompetleikari Kjartan Hákonarson á góðan sóló í Híppa og Samúel Jón er finni í brassinu. Hilmar spinnur léttilega í Gult og blátt og bjart þar sem Eyþór slær píanóið í camiloskum stíl og

Tómas notar hæfilega margar nótur í sóló sinn þar sem aldrei er gefið eftir í hryninum. Rómansa er einn ein snilldarballaðan þar sem Tómas kemur mjög við sögu og Hilmar mjúktóna í leik sínum. Gemsablús er enn ein grípandi línan með klassískum Eyþóri þótt manni hefði fundist að eilíftíð meiri hiti mætti vera í hryninum þegar brassið kemur til sögunnar, svo er gaman að heyra til Hilm-

ars í sóló sínum, klassískur í hljómunum eins og Jón Páll. Í Næstum of hægt er bassi Tómasar grípandi – heldur rómantíkinni gangandi – og Samúel sérdeilis tónfagur. En í þessari ballöðu eins og Logni eru smáhljóðleikar á einstaka stað sem mér þykja mega missa sín. Kúbanska lýkur á seiddandi ballöðu, Einn og saman, sem er flott og vel spiluð með blárrí undiröldu.

Þessi diskur er einstaklega vel heppnaður. Þótt kúbönsk tónlist sé allgjafi hans ber hann með sér að norrænir menn hafa vélað um. Það gerir hann bara betri. Vilji ég fá Kúbudjassinn beint í æð set ég Irakere á fóninn. Ég vil fá blæ frá heimaslóðum í tónlist hvers og eins.

Verharður Linné



Tómas R. Einarsson